

Minnisblað

Viðtakandi: Bæjarráð

Efni: Endurskoðuð áætlun á almennum framlögum Jöfnunarsjóð vegna málaflokks fatlaðra

Dags: 29.6.2023

Málsnúmer: 202206736

Starfsmaður: Anna María Axelsdóttir, staðgengill fjármálastjóra

Greinargerð:

Í fjárhagsáætlun ársins 2023 sem samþykkt var í desember 2022 var áætlað að almenn framlög frá Jöfnunarsjóði vegna málefna fatlaðra yrðu 1.404 m.kr. sem byggði á 1. áætlun frá sjóðnum. 1. áætlun sjóðsins miðar við að þjónustusvæði Mosfellsbæjar og Kjós fái 6,3% af 22.400 m.kr. framlögum sjóðsins.

Í árslok 2022 voru samþykkt lög um breytingar á fjármögnun málaflokks fatlaðra með þeim hætti að tekjuskattsprósenta ríkisins var lækkuð, hámarks útsvarsprósenta var hækkuð auk þess sem framlag til Jöfnunarsjóðs af útsvarstekjum var hækkað. Að öðru óbreyttu hefði þessi breyting átt að hækka framlög til Mosfellsbæjar um 315 m.kr. þannig að þau yrðu 1.719 m.kr.

Í febrúar 2023 birti Jöfnunarsjóður 2. áætlun þar sem fram kemur að áætluð almenn framlög vegna málefna fatlaðra verði 1.592 m.kr. sem felur í sér 127 m.kr. lækkun frá 1. áætlun sjóðsins að meðtaldri væntri 315 m.kr. hækkun vegna aukinna framlaga til sjóðsins. Samkvæmt 2. áætlun sjóðsins er miðað við að þjónustusvæði Mosfellsbæjar og Kjós fái 5,8% af 27.400 m.kr. framlögum sjóðsins.

Um miðjan júní sl. birti Jöfnunarsjóður 3. áætlun þar sem fram kemur að áætluð almenn framlög vegna málefna fatlaðra verði 1.491 m.kr. sem er lækkun um 101 m.kr. frá 2. áætlun. Jafnframt kom fram að aukagreiðslur í kjölfar samkomulags vegna Skálatúns yrðu 180 m.kr. sem samsvarar 20 m.kr. á mánuði. Samkvæmt 3. áætlun sjóðsins er miðað við að þjónustusvæði Mosfellsbæjar og Kjós fái 5,5% af 27.220 m.kr. framlögum sjóðsins.

Samkvæmt framansögðu lækkar hlutdeild þjónustusvæðis Mosfellsbæjar og Kjós af almennum framlögum Jöfnunarsjóðs vegna málefna fatlaðra úr 6,3% í 5,5%. Samandregið eru fjárhagsleg áhrif framangreindar 3. áætlunar Jöfnunarsjóðs þau að framlag Mosfellsbæjar **hækkar um 87 m.kr.** frá því sem gert var ráð fyrir í samþykktri fjárhagsáætlun Mosfellsbæjar 2023-2026.

Leitað var skýringa hjá sjóðunum vegna framangreindra breytinga og áhrifa þeirra á Mosfellsbæ. Samkvæmt sjóðunum eru ástæður þessa að stuðningsþörf annarra þjónustusvæða er að aukast hraðar en stuðningsþörf hjá Mosfellsbæ. Ástæður þess að þjónustuþörf hjá Mosfellsbæ eykst minna en hjá öðrum þjónustusvæðum er vegna samsetningar þjónustuþega.

Áætlun á framlögum Jöfnunarsjóðs mun verða endurskoðuð að nýju í nóvember næstkomandi. Gert er ráð fyrir að lagður verði fram viðauki sem endurspeglir framangreindar breytingar með haustinu.

*Virðingarfyllt,
Anna María Axelsdóttir*

Fylgiskjal:

1. Yfirlit frá Jöfnunarsjóði – 3. enduráætlun.